

Föstudaginn 3. október 1980.

Nr. 182/1980. **Ákærvaldið**
 gegn
Jóni Guðlaugssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. september 1980, sem barst Hæstarétti 29. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur í heild, en til vara, að því gæsluvarðhald varðar, staðfestur um geðrannsóknina. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Með vísun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. september 1980.

Ár 1980, laugardaginn 27. september, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómarara.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Jón Guðlaugsson, Karlagötu 24, fæddur 3. apríl 1926, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi til 19. nóv. nk. og til þess að sæta rannsókn á geðheilbrigði og sakhæfi.

Jón er undir rökstuddum grun um, að hann hafi haft kynferðisleg afskipti af eða ósiðlegt athæfi í frammi við nokkur stúlku-börn, 10—12 ára að aldri. Liggja fyrir skýrslur fjögurra stúlkna í þessa átt. Jón hefur ekki viðurkennt kæruefnið, en talar um, að hann verði fyrir ofsóknum af alls konar lýð og m. a. hafi telpur

innan við fermingu ruðst inn í íbúð til sín. Framburður hans er mjög óskýr og annarlegur.

Brot þau, sem Jóni eru gefin að sök, gætu varðað við 202. og 209. gr. hegningarlaga, en fangelsi getur legið við brotum á þeim ákvæðum.

Rétt þykir skv. d lið 2. tl. 75. gr. laga 74/1974, að Jón sæti geðrannsókn, enda vekur framburður hans og viðbrögð efasemdir um sakhæfi hans.

Þá er einnig skv. 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 rétt að úrskurða Jón í gæsluvarðhald til þess að koma í veg fyrir, að hann geti spillt sakargögnum. Þess er einnig að geta, að Jón hefur tregðast við að mæta til skýrslugjafar við rannsókn málsins, og þykir því hættu á, að hann kunni að halda því áfram við rannsóknina, og koma því ástæður 2. tl. 67. gr. hér einnig til greina. Með hliðsjón af því, að geðrannsókn á að fara fram, verður varðhaldstíminn ákveðinn allt til miðvikudagsins 29. okt., kl. 15.

Úrskurðarorð:

Jón Guðlaugsson sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 29. okt. nk., kl. 15.

Hann skal sæta rannsókn að geðheilbrigði sinni.
